

## Jöklabreytingar 1930–1970, 1970–1995, 1995–2019 og 2019–2020

Hrafnhildur Hannesdóttir

Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 108 Reykjavík

hh@vedur.is; <https://doi.org/10.33799/jokull2021.71.115>

**YFIRLIT** — *Sjálfbodaliðar félagsins fóru til mælinga síðastliðið haust en þó nokkrir komust ekki til að mæla vegna tilmæla sóttvarnaryfirvalda um að ferðast ekki á milli landshluta á haustmánuðum. Alls bárust upplýsingar frá tæplega 40 sporðamælistöðum. Langflestir sporðar hoga og er hörfunin mest á Síðujökli og austanverðum Breiðamerkurjökli eða í kringum 200 m. Hins vegar mælist framgangur á örfáum sporðum í sunnanverðum Vatnajökli, sem nú er auðvelt að bera saman við hraðasviðsmyndir úr gervitunglagögnum.*

### ATHUGASEMDIR OG VIÐAUKAR

Langflestir mældir sporðar hörfa eða um 80% þeirra, víða er hörfunin nokkrir tugir m, en um og yfir 100 m hoga mælist á 10 stöðum. Svínafellsjökull, Falljökull, Hrutárjökull og hluti Fjallsjökuls gengu greinilega lítilliga fram, sem og Brókarjökull og Morsárjökull. Að þessu sinni var gerlegt að ganga meðfram jaðri Svínafellsjökuls þar sem jörð var frosin og vatnsstaðan í lóninu lág. Jökuljaðarinn er hærri núna en hann hefur verið um nokkurra ára skeið. Svipaða sögu er að segja af Falljökli og ljóst að þeir hafa báðir gengið lítilliga fram. Frá síðustu mælingu Falljökuls er nokkur munur á ásýnd jökulsporðsins þar sem hann virðist nú allur hærri og brattari. Samkvæmt heimamönnum gekk jökullinn fram, mögulega um nokkra tugi metra, síðastliðinn vetur (2019–2020) og var kominn nálægt færanlegri brú sem jöklagöngufólk notar til þess að komast yfir ána sem rennur úr jöklinum. Austurríska fyrirtækið ENVEO hefur unnið skriðhraðakort fyrir íslenska jökla út frá gervitunglamyndum í samstarfi við Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans. Út frá þeim kortum má sjá að aukning hefur orðið á hraða ísskriðsins á nokkrum svæðum á skriðjökulum Örefajökuls á síðustu árum. Hægt er að skoða hraðakortin mánuð fyrir mánuð á tímabilinu 2014 til 2020 á vefslóðinni [cryoportal.enveo.at](http://cryoportal.enveo.at)

Mælingar á sporðum sem ganga út í lón, svo sem austanverður Skeiðarárjökull, Morsárjökull og Heinabergsjökull, eru erfiðar, og ekki víst að alltaf fáist marktæk mæling þegar jökullinn liggur flatur út í lónið og brotnar af honum. Nemendur Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu mæla Heinabergsjökul með fjarlægðarkíki í fylgd kennara og Snævarrs Guðmundssonar og bera niðurstöðurnar saman við stöðu jökulsins á gervitunglamyndum. Snævarr Guðmundsson á Náttúrustofu Suðausturlands sinnir einnig mælingum á Kvíárjökli, Hrutárjökli, Fjallsjökli og Breiðamerkurjökli og er jaðarinn hnitauður af Landsat 8 gervitunglamyndum einvörðungu.

Nýr umsjónarmaður er tekinn við mælingum á Reykjarfjarðarjökli. Ragnar Heiðar Þrastarson tekur við keflinu úr hendi föður síns Þrastar Jóhannssonar, sem sinnt hefur mælingum í 25 ár. Mæling jökulsins helst því áfram innan þeirra fjölskyldu sem upphaflega tók að sér verkið. Guðfinnur Jakobsson, föðurbróðir Þrastar, mældi jökulinn í hálfu öld á undan Þresti. Frá sumarhúsum í Reykjarfirði er nú farið að bera talsvert á jökulskerjum ofan við Þaralátursfjörð. Þau ganga upp frá jaðri jökulsins á milli Ljótárjökuls og Þaralátursjökuls og standa bændur í Reykjarfirði nú frammi fyrir því verkefni að nefna þetta nýja land.

Kaldalónsjökull hefur tekið miklum breytingum og dauðis gerir mælingamönnum erfitt fyrir að áætla virkan jökuljaðar. Jökultungan er nú alveg slitin frá meginjöklinum. Þótt ekki mælist hop á milli ára nú er ljóst að jökullinn rýrnar mikið. Viðar Már Matthíasson, sem sinnt hefur mælingum frá árinu 2015, er búinn að finna arftaka og mun Þórður Halldórsson í Laugarholti taka við mælingunum haust 2021. Við þökkum Viðari fyrir hans störf.

Breytingar á tveimur tungum í norðanverðum Þórisjökli hafa nú verið mældar í fyrsta skipti og er hörf-unin upp á nokkra tugi m. Landverðir í Kverkfjöllum hafa tekið vel í að taka við mæliröðinni á Kverkjökli og munu skoða aðstæður og velja hentuga mæliínu næsta haust. Þar hefur nýlega verið bætt við merkingum um legu jökuljaðarins á mismunandi tímum á gönguleiðinni inn að jökli.

Tekið var upp á því að birta myndir úr sporðamælingaferðum á facebook-síðu JÖRFÍ-félaga síðastliðið haust og hefur það mælst vel fyrir og gert mælingarnar sýnilegri félagsmönnum sem og öðrum. Með nýrri jöklavefsjá, sem brátt mun líta dagsins ljós, munu birtast myndir af fólki við sporðamælingar og viljum við hvetja sporðamælingamenn og aðra til þess að senda okkur ljósmyndir á spordar@vedur.is.

### Snæfellsjökull

*Hyrningsjökull og Jökulháls* – Jaðar Hyrningsjökuls nær mjög mislangt fram og hefur örlítill hliðrun út frá línu talsverð áhrif á hversu mikið hopið mælist. Snjór á Jökulhálsi hindraði mælingu að þessu sinni.

### Drangajökull

*Kaldalónsjökull* – Jökullinn hefur ekki hogað mikið milli ára en ljóst að hann þynnist og rýrnar.

*Reykjarfjarðarjökull* – Flogið var í Reykjarfjörð og unnið við frágang á húsum. Gengið var fram að jökli og mælt á sunnudeginum og svo áleiðis yfir jökul niður í Kaldalón á gönguskíðum. Samkvæmt mælingum hefur jökullinn hogað um ríflega 40 m.

*Leirufjarðarjökull* – Ekki var farið til mælinga á Leirufjarðarjökli þetta haustið.

### Norðurlandsjökullar

*Bægisárjökull* – Ekki reyndist unnt að mæla Bægisárjökul að þessu sinni.

*Búrfellsjökull* – Búrfellsjökull var hulinn snjó og ekki reyndist unnt að staðsetja sporðinn.

*Deildardalsjökull* – Ógerlegt reyndist að mæla sporð Deildardalsjökuls vegna snjóalaga.

*Gljúfurárjökull* – Sporðurinn var mældur samhliða göngum í Sveinsstaðarétt eins og oft áður. Erfitt var að meta hvar ísröndin liggur undir vetrarfönninni, en niðurstaðan sú að jökullinn hefur staðið í stað.

*Grímslandsjökull* – Farið var inn í Flateyjardal um miðjan september, en vegna þess að snjór hylur sporðinn náðist engin mæling.

*Tungnahryggsjökull* – Þórhildur Halla Jónsdóttir og fylgdarmenn mældu sporð Tungnahryggsjökuls þetta haustið og heldur hann áfram að hopa.



Þórhildur Halla við sporðamælingar á Tungnahryggsjökli. – Þórhildur Halla Jónsdóttir *measuring the terminus of Tungnahryggsjökull*. Ljósmynd/Photo: Ágúst Þór Gunnlaugsson, 26. september, 2020.

### Langjökull

*Kirkjujökull* – Það vakti athygli mælingamanna að það virðist sem jökulsporðurinn hafi lækkað nokkuð. Á flatlendinu framan jökuls stendur nú upp úr um 50 cm hár hryggur sem er um 4–500 m langur. Jökullinn heldur áfram að hörfa með svipuðum hraða og undanfarin ár.

*Geitlandsjökull* – Fjarlægðarmælir er notaður til þess að meta breytingar á stöðu Geitlandsjökuls sem heldur uppteknum hætti og hörfar um nokkra tugi metra milli ára. Bjarki Kristinsson segir að mikil drulla sé nú framan jökulsins og ekki hægt að komast að jaðrinum fótgangandi.



Vestari Hagafellsjökull hefur hörfað um 1 km á síðastliðnum 15 árum. Í kringum 1950 lá jökullinn nálægt brún, sem reyndar er mosavaxið hraun, sem komið hefur undan jöklinum. Ystu jökulgarðar myndaðir undir lok 19. aldar eru sunnan við árfarveginn hægra megin á myndinni og hefur jökullinn hörfað um rúma 4 km frá þessari mestu útbreiðslu á Litlu Ísöld. Jökulkembur eru vel varðveittar á svæðinu sunnan jökuls og teikna upp skriðstefnu hans. Klakkur rís upp við vesturjaðar jökulsins og er ekki lengur jökulsker. Hagafellið fyrir miðri mynd skilur að Hagafellsjökklana tvo. – *Western Hagafellsjökull has retreated approximately 1 km during the last 15 years. Around 1950 the glacier margin was close to the moss-covered lava, that emerged from the retreating glacier front. The outermost glacier moraines from the end of the 19th century are south of the river channel to the right on the photo, and the glacier has retreated approximately 4 km since the Little Ice Age maximum. Glacier flutes are well preserved in the foreland and delineate the flow direction of the glacier. The ex-nuntak Klakkur rises at the western margin of the glacier. Hagafell divides the two Hagafellsjökull outlet glaciers.* Ljós./Photo: Einar Ragnar Sigurðsson, 18. október, 2020.



Leifur Jónsson og Ríkarður Már Pétursson ræða málin framan við Nauthagajökul. Leifur hefur mælt sporða Nauthagajökuls og Múlajökuls síðan 1981. – *Leifur Jónsson and Ríkarður Már Pétursson in front of Nauthagajökull.* Ljós./Photo: Skúli K. Skúlason, 28. september, 2020.

*Hagafellsjökklar* – Mælinán við Eystri-Hagafellsjökul er við tungu sem nær mislangt fram, sem gæti útskýrt fremur lítið hop upp á tæpa 40 m, miðað við síðustu 10 ár, en jökullinn hefur hoptað að minnsta kosti 100 m undanfarnin ár. Einar Ragnar og Gunnar

Sigurðssynir geta nú fylgst enn betur með breytingum á jökuljaðrinum með yfirlitsmyndum úr dróna.

*Jökulkrókur/Króksjökull* – Mælingamennirnir þau Kristjana og Jón leggja á sig umtalsverða göngu til þess að komast að sporðinum, margar straumþungar

ár og kvíslar þveraðar, og var í fyrsta sinn gengið undir Hengibjörgum á leiðinni tilbaka.

**Þórisjökull** – Guðbjörn Margeirsson og fjölskylda náðu mælingu á tveimur sporðum, en þar voru ákvarðaðir viðmiðunarpunktur haustið 2018, og reyndust jöklarnir hafa hopað um tæpa 20 og 40 m.

### Hofsjökull

**Blágnjúpjökull** – Aðstæður til mælinga voru góðar, en hægt var að komast að jökuljaðrinum þar sem ána hafði lagt. Jökullinn heldur áfram að hopa.

**Nauthagajökull og Múlajökull** – Að þessu sinni tók þó nokkur hópur þátt í mælingum með Leifi Jónssyni. Sporðarnir mældir með GPS-tæki og fjarlægðarmæli þar sem lón hindra för mælingamanna.

**Sátujökull** – Ekki náðist mæling þetta haustið.

### Mýrdalsjökull

**Sólheimajökull** – Sporðurinn áætlaður með fjarlægðarkíki og er hörfunin rúmlega 50 m á þeirri mælilínu sem stuðst er við. Ljóst er að jökullinn næst Hvítmögu er mjög sléttur og þunnur og þar hefur brotnað framan af sporðinum.

**Sléttjökull** – Ekki náðist mæling þetta haustið.

### Suðurlandsjöklar

**Torfajökull** – Ágúst Hálfðásson og félagar mældu suðursporð Torfajökuls í fyrsta nýsnævi haustsins.

**Tindfjallajökull** – Ekki var unnt að mæla Tindfjallajökul þetta haustið.

### Vatnajökull

**Síðujökull** – Vitjað var um sporð Síðujökuls snemma vors 2021, en ekki tókst að fara til mælinga um haustið. Jökullinn hefur hörfað mikið milli ára, ríflega 200 m.

**Skeiðarárjökull austur** – Dauðís, kelfandi sporður og allstórt lón, svokallað Háöldulón gerir mælingafólki erfitt um vik að staðsetja virkan jökuljaðar. Þó virðist þessi armur jökulsins hörfa um nokkra tugi metra milli ára. Skeiðarárjökull lækkar stöðugt á milli Skaftafellsfjalla og Grænafjalls/Súlutinda.

**Morsárjökull** – Örlítill framgangur mælist á sporðinum. Jökullinn heldur áfram að lækka að vestanverðu en er töluvert hærri þar sem skriða féll á jökulinn árið 2007.



Hópurinn sem slóst í för með mælingamönnum við norðanverðan Torfajökul. Vel gekk að finna sporðinn þrátt fyrir talsvert nýsnævi. – *The group joining the measurements of the terminus of northern Torfajökull, which was successful despite considerable amount of new snow.* Ljósmynd: Hálfðán Ágústsson, 1. október, 2020.


**Skaftafellsjökull** – Ekki varð komist til mælinga þetta haustið.

### Öræfajökull

**Svínafellsjökull** – Jökullinn hefur greinilega gengið fram milli ára.

**Falljökull** – Samkvæmt skýrslu Svövu Bjarkar er jökullinn allur hærri í jaðarinn og ljóst að hann hefur gengið aðeins fram.

**Kvíárjökull** – Hörfun mælist á öllum þremur mælilínum við Kvíárjökul, sem Snævarr Guðmundsson áætla út frá Landsat8 myndum. Hafa skal í huga að óvissan er  $\pm 15$  m með því að notast við myndirnar. Búið er að uppfæra og yfirfara mælingar síðustu tveggja áratuga, sjá töflu.



Sporður Falljökuls og göngubrúin hægra megin. – *The terminus of Falljökull and the hiking bridge on the right.* Ljósmynd: Svava Björk Þorláksdóttir, 30. desember, 2020.

**Hrútarjökull** – Hrútarjökull gengur lítillga fram. Búið er að yfirfara og uppfæra mælingar síðustu tveggja áratuga, sjá töflu.

**Fjallsjökull** – Hörfun mælist á tveimur af þremur mælinum Fjallsjökuls. Búið er að uppfæra og yfirfara mælingar síðustu tveggja áratuga, sjá töflu.

#### **Vatnajökull**

**Breiðamerkurjökull** – Snævarr Guðmundsson hefur dregið upp stöðu Breiðamerkurjökuls af Landsat 8 gervitunglamyndum. Mesta hörfun er við austanverðan jökulinn á mælinu sem kennd er við Fell eða tæplega 200 m. Nú hafa upplýsingar um breytingar á stöðu jökulsins á síðastliðnum tveimur áratugum verið yfirfarnar og uppfærðar, sjá töflu.

**Brókarjökull** – Örlítill framgangur mældist á Brókarjökli samkvæmt athugun Bergs Pálssonar.

**Heinabergsjökull** – Nemendur við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu fóru til mælinga í fylgd Hjördísar Skírnisdóttur og Snævarrs Guðmundssonar. Jökullinn er flatur og liggur út í lónið og lögun sporðsins farin að breytast mikið, en hann er farinn að mjókka og mælt er á annan punkt en áður.

**Fláajökull** – Hörfun Fláajökuls er mikil á vestari mælinunni, rúmlega 100 m. Sporðurinn er mældur með fjarlægðarkíki og telur Bergur Pálsson að mæling á austari línunni sé ónákvæm, en hún gaf ekki nema 5 m hop.

**Lambatungnajökull** – Gengið meðfram jökuljaðrinum með GPS-tæki.

**Rjúpnabrekkujökull** – Smári Sigurðsson komst ekki til mælinga að þessu sinni.

**Kverkjökull** – Landverðir í Kverkfjöllum eru búnir að staðsetja mælinu við Kverkjökul.



Nemendur við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu ásamt Eyjólfri Guðmundssyni, Hjördísi Skírnisdóttur og Snævarri Guðmundssyni. – *Students at the Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu together with Eyjólfur Guðmundsson, Hjördís Skírnisdóttir and Snævarr Guðmundsson.* Ljósmynd: Jón Bjarnason, 21. október, 2020.

#### **Glacier variations 1930–1970, 1970–1995, 1995–2017 and 2017–2018**

The Icelandic Glaciological Society received reports from approximately 40 measurement sites about glacier front variations in the autumn of 2020. Glacier retreat was observed at 80% of the sites, and the maximum retreat was approximately 200 m on eastern Breiðamerkurjökull and Síðujökull. Slight advances were reported from outlet glaciers of southern Vatnajökull. As in recent years, proglacial lakes make terminus measurements rather difficult at many locations, and the precision of the estimated frontal change on flat lobes, where icebergs are breaking off into the lakes, may be poor.



Kristjana Eyþórsdóttir á leið til mælinga á Króksjökli í austanverðum Langjökli. – *Kristjana Eyþórsdóttir measuring the terminus of Króksjökull in eastern Langjökull.* Ljósmynd. / Photo: Jón Baldursson, 23. ágúst, 2020.



Varða við rönd Sólheimajökuls árið 1997 og sami staður árið 2020. – *Measurement cairn at the edge of Sólheimajökull.* Ljósmynd. / Photo: Einar Gunnlaugsson, október 1997 og 9. október, 2020.

Jöklabreytingar/*Glacier variations* 1930–1970, 1970–1995, 1995–2019 og/and 2019–2020.

Jökull Glacier	1930– 1970	1970– 1995	1995– 2019	2019– 2020	Mælingamaður/-kona Observer
<b>Snæfellsjökull</b>					
Hyrningsjökull	'31–1041	+288	–356	–17	Hallsteinn Haraldsson
Jökulháls	'34–753'57	sn	'99–292'14	sn	Hallsteinn Haraldsson
<b>Drangajökull</b>					
Kaldalónsjökull»	'31–630'66	'66–857	+353	0	Viðar Már Matthíasson
Reykjarfjarðarjökull»	'31–1295'69	'69–692	+16	–41	Ragnar Heiðar Þrastarson
Leirufjarðarjökull»	'31–130	–584	+581	–	Ásgeir Sólbergsson
<b>Norðurlandsjökla</b>					
Deildardalsjökull»	–	–	'07–27	sn	Skafti Brynjólfsson
Búrfellsjökull»	–	–	'04–52	sn	Sveinn Brynjólfsson
Búrfellsjökull-2»	–	–	'04–45	sn	Sveinn Brynjólfsson
Gljúfurárjökull	'39–312	+49	–214	0	Árni Hjartarson
Bægisárjökull	'39–101'57	'67–100'77	'94–91'19	–	Karl Stefánsson
Tungnahryggjökull	'39–182'58	–	'58–66	–5	Þórhildur Halla Jónsdóttir
Grímslandsjökull	–	–	'94–9'10	sn	Sigurður Bjarklind
<b>Langjökull</b>					
Upp af Geitlandi	–	–	'02–625	–62	Bjarni Kristinsson
Hagafellsjökull vestari»	'34–2121	+820'93	'93–1735	–50	Gunnar Sigurðsson
Hagafellsjökull eystri»	'29–3534	+1364'93	'93–1671	–38	Einar Ragnar Sigurðsson
Kirkjujökull	–	–	'97–643	–36	Benedikt Þ. Gröndal
Jökulkrókur	'33–945	–64'97	'97–560	–20	Kristjana G. Eyþórsdóttir
<b>Þórisjökull</b>					
Kaldidalsjökull, austurtunga/norður1	–	–	–	'18–37	Guðbjörn Margeirsson
Kaldidalsjökull, vesturtunga/norður2	–	–	–	'18–15	Guðbjörn Margeirsson
<b>Hofsjökull</b>					
Blágnípujökull	'32–177'41	–	'97–880	–69	Páll Gíslason
Nauthagajökull	'32–576	–8	–417	'18–117	Leifur Jónsson
Múlajökull, vestur»	'37–236	+48	–547	'18–90	Leifur Jónsson
Múlajökull, suðvestur»	–	'93–76	–643	'18–71	Leifur Jónsson
Múlajökull, suður»	'32–840	+339	–829	'18–7	Leifur Jónsson
Sátujökull í Lambahrauni	'50–210'59	'59–193'97	'97–519	–	Valgeir Steinn Kárason
Sátujökull við Eyfirðingahóla	–	'83–350'96	'96–719	–	Valgeir Steinn Kárason
<b>Eyjafjalla- og Mýrdalsjökull</b>					
Sólheimajökull, vesturtunga	–951	+469	–1326	–54	Einar Gunnlaugsson
Kötlujökull	–	–	'93–313'14	–	Sigurgeir Már Jensson
Öldufellsjökull»	'61–125	–47'96	'96–1308'13	–	Jóhannes Gissurarson
Sléttjökull»	–	–	'01–967'17	–	Ingibjörg Kaldal

*Hrafnhildur Hannesdóttir*

Jökull Glacier	1930– 1970	1970– 1995	1995– 2019	2019– 2020	Mælingamaður/-kona Observer
<b>Torfajökull</b>					
Norðurjaðar	–	–	'06–242	–38	Ágúst Hálfðásson
Suðurjaðar	–	–	'06–372	–	Ágúst Hálfðásson
<b>Tindfjallajökull</b>					
Austurtunga	–	–	'17–54	–	Albert Þorbergsson
<b>Vatnajökull</b>					
Tungnárjökull»	'55–1314	–470	–1378	–32	Sverrir Hilmarsson
Síðujökull, staður 2»	'64–351' <sup>73</sup>	'73+38	–1676	–230	Hlynur S. Pálsson
Skeiðarárjökull, vestur»	'32–2403	+383	–1716' <sup>14</sup>	–	Hannes Jónsson
Skeiðarárjökull, miðja»	–	'90+715' <sup>96</sup>	'96–988' <sup>08</sup>	–	Hannes Jónsson
Skeiðarárj. austur I»	'50–304	+97	–951	–46	Ragnar F. Kristjánsson
Skeiðarárj. austur III	'32–913	+63	–464	53	Ragnar F. Kristjánsson
Skeiðarárj. austur IV	'32–746	–59	–591	–24	Ragnar F. Kristjánsson
Morsárjökull, staður 1	'32–1303	+92	–780	12	Ragnar F. Kristjánsson
Skaftafellsj. staðir 2 og 3	'32–1236	–40	–940	–	Svava Björk Þorláksdóttir
<b>Öræfajökull</b>					
Svínafellsjökull, staður 2	'32–403	+3	–225	50	Svava Björk Þorláksdóttir
Falljökull	'57–70	+122	–680	10	Svava Björk Þorláksdóttir
Kvíárjökull	'34–526	+16	–76' <sup>14</sup>	–13	Snævarr Guðmundsson
Hrútarjökull	'47–262	+60	–562	28	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, Gamlasel	'33–1044	–161	–704	30	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, Fitjar	'35–590	–115	–1075	–23	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, við Breiðamerkurfjall	'51–61	–72	–389	–6	Snævarr Guðmundsson
Breiðamerkurj. við Breiðam.fjall	'33–1400	–572	–1020	–74	Snævarr Guðmundsson
<b>Vatnajökull</b>					
Breiðamerkurj. inn af Nýgræðum	'32–1787	–1045	–1580	–127	Snævarr Guðmundsson
Breiðamerkurj. við Fellsfjall	'36–971	–767	'93–2165	–194	Snævarr Guðmundsson
Brókarjökull	'35–633	+227' <sup>94</sup>	'94–1119	6	Bergur Pálsson
Skálafellsjökull	–1349' <sup>68</sup>	'68–62	'95–255' <sup>14</sup>	–	Helga Hilmarisdóttir
Heinabergsjökull, við Hafrafell	–1302' <sup>67</sup>	'67–508	–9	–150	Eyjólfur Guðmundsson
Heinabergsjökull, við Geitakinn	–1333' <sup>65</sup>	'65–128	–1106' <sup>15</sup>	–	Eyjólfur Guðmundsson
Fláajökull, vestan Hólmsár	–879	–8' <sup>84</sup>	'10–225	–131	Bergur Pálsson
Fláajökull, austur 1	–1353	–36' <sup>94</sup>	'94–951	–5	Bergur Pálsson
Lambatungnajökull	–	–	'08–449	–38	Bergur Pálsson
Kverkjökull	'63–56' <sup>71</sup>	'71–18' <sup>93</sup>	'93–151' <sup>15</sup>	–	Daníel Þorláksson
Rjúpnabrekkujökull	–	–	'98–637	–	Smári Sigurðsson

+ framrás/*advance*, – hop/*retreat*, — ekki mælt/*no measurement*  
 –X merkir að jökull er rýmandi en fjarlægð óviss *retreat but distance unknown*  
 +X merkir að jökull gangi fram en fjarlægð óviss *advance but distance unknown*  
 sn merkir að eitthvað hindri mælingu (snjór, lón eða þ.u.l.) *measurement prevented*  
 » táknar framhlaupsjökul *surge-type glacier*